



67. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöllinni  
24. maí 2017

## Þingskjal nr: 6

Ályktun:

Flutningsaðili: KA

### Ályktun

67. ársþing HSÍ beinir því til stjórnar HSÍ að breyta reglugerð um Handknattleiksmót og félagaskipti þar sem reglur um vennslalið verða rýmkaðar og að leikmönnum verði heimild að spila bæði með samningsfélagi og vennslaliði.

### Greinargerð

Tímabilið 2016-2017 var gerð sú breyting að leyfa félögunum að skrá til leiks U-lið í keppni í meistaraflokki. 2. flokkur karla var síðan tekinn út í kjölfarið tímabilið 2017-2018.

KA telur að sú breyting sem við höfum gert á íslenskum handknattleik á undanförunum árum hafi orðið til þess að leikmönnum, sem ekki eru nógu góðir til að spila með aðalliðum síns félags eða hafi ekki til þess tíma vegna vinnu/skóla, hafi fækkað. Við teljum stöðuna vera þannig að mörg félög geta ekki boðið uppá verkefni fyrir leikmenn sem eru komnir yfir svokallaðan „U-liðs aldur“.

Það er einfaldara fyrir liðin að skrá til leiks U-lið vegna þess að færsla leikmanna á milli aðalliða og U-liða er mjög hentug. Í U-liðinum má hinsvegar bara tefla fram tveimur „eldri“ leikmönnum sem veldur því að fá sem engin verkefni eru hjá mörgum félögum fyrir þessa eldri leikmenn.

KA telur að með því að rýmka reglur um vennslalið og bjóða uppá svipað umhverfi fyrir U-lið og vennslalið þá sjái félagin sér hag í að vera frekar með vennslalið í keppni heldur en U-lið og þar með bjóða uppá vettvang fyrir leikmenn sem ekki komast í aðal-lið félagana.

KA telur þó mikilvægt að reglur um vennslalið verði ögn þrengri en núverandi reglur um U-lið. Að okkar mati er erfitt fyrir liðin í Grill deildinni að bjóða uppá afreksumhverfi þegar það er ómögulegt fyrir þau að vita hvaða leikmönnum þau mæta í hverri viku, með þessum breytingum væri mótið í Grill66 deildinni sanngjarnara. Áfram verður haldið í möguleikan á því að yngri leikmenn geti spilað með aðalliði og vennslaliði en eldri leikmenn þurfi hinsvegar að fylgja strangari reglum.

Slíkt fyrirkomulag hefur virkað í fjölda ára í deildum í Skandinavíu, þar gefst eldri leikmönnum færi á því að taka þátt í deildarkeppni í neðri deildum ásamt því að sinna krefjandi vinnu eða fjölskyldustörfum.

KA telur að með þessari breytingu fjölgi eldri iðkendum hjá félögunum, Grill66 liðin spili í eðlilegra keppnisumhverfi og deildarkeppnin verði líflegri með vennslaliðum frekar en U-liðum.